



Fréttabréf

Þriðja fréttabréf EXTOR (Experiential tourism for sustainable rural development). Verkefnið miðar að því að efla sjálfbæra byggðapróun og ferðaþjónustu, stuðla að umhverfisvernd, auka frumkvöðlafærni og tækifæri til þjálfunar- og tengslamyndunar til að mæta félags- og efnahagslegum þörfum samfélaga.



Fundir samstarfsaðila

Samstarfsaðilar EXTOR funduðu í september 2025 á sögufræga Mercouri-búgarðinum nálægt Korakochori í Pygros í Grikklandi. Fjölskyldurekið fyrirtæki með yfir 150 ára reynslu í framleiðslu á víni og ólífuoilú.

Samstarfsaðilar ræddu vinnu við námsefni, tilraunakennslu og EXTOR-verkfærakistuna, þar sem hægt verður að nálgast myndefni, gagnvirk kort og kennsluaðferðir í starfs- og verknámi (VET) í ferðaþjónustu. Kynnt var skipulag EXTOR-samfélagsins og DigInRur-vettvangsins, kynningarmyndbönd, og dæmi um nýsköpun í ferðaþjónustu í dreifbýli. Á fundinum voru næstu skref í verkefninu ákveðin og farið yfir árangurinn af verkefninu hingað til.



Co-funded by
the European Union

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.



Sjálfbærni í verki vettvangferðir: Heimsókn í Waldviertel-hérðaðið

Hluti af EXTOR verkefninu fólst í að skipuleggja vettvangsferðir fyrir þátttakendur og leiðbeinendur til að efla skilning þeirra á tengslum ferðapjónustu og sjálfbærrar byggðapróunar.

Á Íslandi heimsóttu þátttakendur ferðapjónustufyrirtæki á Suðurlandi í Hveragerði og í kringum Selfoss, þar á meðal **Mega Zipline, Café Reykjadalur, The Greenhouse Hotel, Hotel Eldhestar og Fröken Selfoss**. Fundur og samtal við frumkvöðla og fulltrúa frá **Markaðsstofu Suðurlands** veitti innsýn í upplifunarhönnun, markaðssetningu áfangastaða og þverfaglegt samstarf hagaðila í ferðapjónustu í dreifbýli.

Í **Waldviertel** héraði **Austurríki** heimsóttu þátttakendur **Mohndorf Armschlag** landbúnaðarferðapjónustu og umhverfissvæna veitingapjónustu hjá **Schwarz Alm Zwettl** og heilsuferðapjónustu á **Cardiovascular Center í Groß Gerungs**. Heimsóknir í **SONNENTOR Stadthof**, Sonnenseitn Alpaca Farm og nutu óspilltrar náttúru í Schrems og fræddust um mikilvægi nýsköpunar til að styðja við seiglu ferðamannastaða.



Sjá vefsíðu EXTOR: <https://extor-project.eu>.
Hægt er að fylgjast með á [Facebook](#) og [Youtube](#).



Co-funded by
the European Union

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.



Í **Grikklandi** gafst þátttakendum kostur á tveimur viðbótar vettvangsferðum tengdum nýsköpun, menningu og sjálfbærni. Í **Cine Rodon**, sumarbíói **Stafidokampos**, tók Giorgos Alevizopoulos á móti þeim, stofnanda og formaður félagsins sem rekur kvikmyndahúsið. Þátttakendur fengu leiðsögn og kynningu um framtíðarsýn, markmið og þróun Cine Rodon, sem og þær áskoranirnar sem þarf að takast á við til að halda starfinu gangandi. Umræður vörpuðu ljósi á sterk tengsl kvikmyndahússins við samfélagið, stjórnun og mikilvægi samstarfs við hagaðila í nærsamfélaginu. Vettvangsferðin var innblástur sem þátttakendur gátu nýtt sér til að vinna kynningarmyndbönd og þróa sínar eigin nýsköpunarhugmyndir.

Hin vettvangsferðin var til **Pyrgos** í tengslum við þriðju **Alfeios Eco Festival 2025**, tveggja daga viðburð sem miðar að því því að auka sjálfbærni ferðapjónustu, umhverfis- og samfélagsvitund. Þátttakendur fengu tækifæri til að taka þátt í málstofu um hvernig mætti samþætta þróun ferðapjónustu við umhverfisvernd og viðburði tengda útivist og íþróttum sem og aðrar tegundir ferðapjónustu á landsbyggðinni. Þeir greindu einnig skipulag hátíðarinnar, þátttöku hagaðila og miðlun og öðluðust innsýn í skipulagningu viðburðar, þátttöku almennings og hlutverk menningar- og umhverfisverndar er kemur að því að efla félagsauð og styðja við sjálfbæra byggðapróun.



Sjá vefsíðu EXTOR: <https://extor-project.eu>.
Hægt er að fylgjast með á [Facebook](#) og [Youtube](#).



Co-funded by
the European Union


Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.



Ktima Katsarou vingerð og ferðapjónusta, Grikkland
 Sem hluti af námsferðinni heimsóttu fræðsluaðilar og sérfræðingar **Ktima Katsarou** vingerðina í **Krania Olympou**, fjölskyldurekinn búgarð sem er þekktur fyrir **sjálfbæra vinnrækt** og -framleiðslu. Þátttakendur skoðuðu hvernig vingerðin samþættir **umhverfisvænar starfsvenjur, staðbundna arfleifð og upplifun í landbúnaðarferðapjónustu** til að laða að gesti og styðja við hagkerfi samfélagsins. Heimsóknin veitti innsýn í tengsl vinnframleiðslu við ferðapjónustu og undirstrikaði hvernig lítil fyrirtæki í dreifbýli geta tekið mið af menningu og umhverfi og lagt sitt af mörkum til sjálfbærni í Olympus fylkinu.

Þann 27. maí 2025 heimsóttu nemendur og kennarar þeirra fimm félög sem starfa á **Palermo**-svæðinu: **Addiopizzo Travel, Palma Nana, Lisca Bianca, La Libreria del Mare og MultiVolti**. Þessar heimsóknir vörpuðu ljósi á fjölbreytt viðskiptamódel og starfshætti, og ræktuðu um leið tengsl við fagfólk og félagasamtök. Nemendur könnuðu atvinnutækifæri og kennarar öðluðust innsýn og byggðu upp tengsl og samstarf.

As part of the EXTOR piloting activities, trainees and trainers took part in the field visits that offered hands-on insight into community-based initiatives and sustainable tourism models.



Sjá vefsíðu EXTOR: <https://extor-project.eu>.
 Hægt er að fylgjast með á [Facebook](#) og [Youtube](#).



Co-funded by
the European Union

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.



INFODEF og IES Diego de Praves (Valladolid) skipulögðu fjölbreytta dagskrá með sex vettvangsferðum á tímabilinu júní til júlí 2025. Markmið var að dýpka skilning nemenda í ferðapjónustu og veitingageiranum á upplifunartengdri ferðamennsku í dreifbýli, og tengja saman hefðbundið staðnám við raunverulega nýsköpun á landsbyggðinni á Spáni.

Ferðin hófst á **Hotel Balneario de Olmedo**, þar sem nemendur könnuðu velliðunarferðamennsku í dreifbýli, hvernig heilsa, saga og gestrisni sameinast til að skapa innihaldsríkar upplifanir sem laða að gesti allt árið um kring. Nemendur heimsóttu síðan **La Bien Pagá**, sviðslistarými í Valladolid. Þessi heimsókn sýndi fram á hvernig menning- og skapandi atvinnugreinar geta blásið lífi í þorp og boðið upp á ferðapjónustu byggða á tilfinningum, sagnahefð og samfélagsþátttöku.

Heimsókn á **Red Íncola** gerði nemendum kleift að skilja hvernig má stuðlað að samfélagsábyrgð, fjölbreytileika og samkennd. Ferðapjónusta var ekki aðeins kynnt sem efnahagslegur drifkraftur heldur einnig sem vettvangur tengsla. Önnur heimsókn fór fram í **El Majuelo**, samfélagslegu verkefni um endurnýjandi landbúnaði og umhverfismenntun. Nemendur uppgötvuðu hvernig sjálfbær ferðapjónusta getur byggst á gildisdrifnum verkefnum með rætur í náttúru og félagsauði samfélagsins.

Tvær viðbótarheimsóknir buðu upp á innsýn í matargerðarlist og umhverfisferðamennsku. Í **International School of Cuisine** (Chamber of Commerce of Valladolid) upplifðu nemendur hvernig matreiðslunám styður við hönnun á staðbundinni matarferðapjónustu. Í **Peñafiel** (Ribera del Duero), gafst þeim kostur á að skoða ferðamennsku tengda víngerð sem styður við hagvöxt í heimabyggð en tekur um leið mið af arfleifð og menningu samfélagsins. Samskipti við vínframleiðendu veitti þeim innblástur varðandi stafræna markaðssetningu.



Sjá vefsíðu EXTOR: <https://extor-project.eu>.
Hægt er að fylgjast með á [Facebook](#) og [Youtube](#).



Co-funded by
the European Union


Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.



EXTOR verkfærasettið fyrir verk- og starfsmenntun!

Að efla nýsköpun í dreifbýli

EXTOR verkfærasett er lykilafurð EXTOR verkefnisins, og er ætlað að styðja við þróun verk- og starfsmenntunar (VET) um alla Evrópu. Settið, sem var þróað og prófað með markhópum og býður kennurum og leiðbeinendum upp á **hagnýt verkfæri**, **kennsluleiðbeiningar** og **raunhæf verkefni** sem styðja við **EXTOR þjálfunina**.



Verkfærasettið er aðgengilegt án endurgjalds á **7 tungumálum** á **EXTOR námsvefnum** og leiðbeinendur geta aðlagð þjálfunina að sinni kennslu og nærumhverfi, sem tryggir sjálfbærni. Það styður við nám sem hvetur til samvinnu, tengslamyndunar og stafrænivæðingar.

[EXTOR þjálfunin](https://extor-project.eu)

Sjá vefsíðu EXTOR: <https://extor-project.eu>.
Hægt er að fylgjast með á [Facebook](#) og [Youtube](#).

